

Reglugerð meistaramóts 2016

1. grein

GO gengst árlega fyrir meistaramóti í flokkum karla og kvenna, öldungaflokki karla og kvenna og flokkum unglinga og barna.

2. grein

Stjórn GO skal hafa yfirumsjón með framkvæmd mótsins og ákveður þátttökugjöld. **Formaður mótanefndar skal skipa mótsstjórn og a.m.k. skipa einn landsdómara og einn héraðsdómara við mótið.** Mótsstjórn er heimilt að fella niður keppni í einstökum flokkum ef þátttakendur eru færri en 3.

3. grein

Mótsstjórn ákveður staðarreglur, af hvaða teigum skuli leikið og jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar, holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fella niður og eða fresta umferð eða umferðum, vegna veðurs. **Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera auglýstar á heimasíðu og vera sýnilegar í golfskála.**

4. grein

Leika skal eftir reglum Royal and Ancient Golf Club of St. Andrew's og farið eftir þeirra reglum um notkun bolta og úrslit móts. Ef tveir eða fleiri leikmenn í verðlaunasætum verða jafnir í sínum flokki skal leika bráðabana nema þar sem leikin er punktakeppni þar skal telja fyrst seinni níu holur, því næst sex holur, þá þrjár holur, loks eina holu, fyrst þá holu 18 því næst 17 og áfram þangað til úrslit fást með lægra skori á holu ef það dugir ekki skal hlutkesti ráða. Veita skal verðlaun fyrir 1., 2., og 3. sæti í hverjum flokki.

5. grein

Mótsstjórn raðar keppendum í rástíma á fyrsta degi mótsins í hverjum flokki, hámark þrír saman í holli. Rásröð leikmanna í 2., 3., og 4. umferð ákvarðast síðan þannig að lægsta skor eða flestir punktar hljóta síðasta rástíma í hverjum flokki og síðan koll af kolli.

6. grein

Kept skal í eftirtöldum flokkum og leikið af eftirtöldum teigum án forgjafar í högggleik og með forgjöf í punktakeppni.

- M.fl. kvenna grunnforgjöf 0 til 10,0 - teigur 49 - 72 holu högggleikur
- Kvennaflokkur 1 grunnforgjöf 10,1 til 18,0 - teigur 46 - 54 holu högggleikur
- Kvennaflokkur 2 grunnforgjöf 18,1 til 25,0 - teigur 46 - 54 holu högggleikur
- Kvennaflokkur 3 grunnforgjöf 25,1 til 30,0 - teigur 46 - 54 holu punktakeppni
- Kvennaflokkur 4 grunnforgjöf 30,1 til 35,0 - teigur 46 - 54 holu punktakeppni
- Kvennaflokkur 5 grunnforgjöf 35,1 til 54,0 - teigur 46 - 54 holu punktakeppni
- M.fl. karla grunnforgjöf 0 til 5,0 - teigur 58 - 72 holu högggleikur
- Karlaflokkur 1 grunnforgjöf 5,1 til 10,0 - teigur 54 - 54 holu högggleikur
- Karlaflokkur 2 grunnforgjöf 10,1 til 15,0 - teigur 54 - 54 holu högggleikur
- Karlaflokkur 3 grunnforgjöf 15,1 til 20,0 - teigur 54 - 54 holu högggleikur
- Karlaflokkur 4 grunnforgjöf 20,1 til 25,0 - **teigur 49** - 54 holu högggleikur
- Karlaflokkur 5 grunnforgjöf 25,1 til 30,0 - teigur 49 - 54 holu punktakeppni
- Karlaflokkur 6 grunnforgjöf 30,1 til 36,0 - teigur 46 - 54 holu punktakeppni

- Eldri kylfingar kvenna 50 ára til 64 ára, Teigur 46 - 54 holu högggleikur
- Eldri kylfingar kvenna 50 ára til 64 ára, Teigur 46 - 54 holu punktakeppni
- Eldri kylfingar kvenna 65 ára og eldri, Teigur 46 - 36 holu högggleikur
- Eldri kylfingar kvenna 65 ára og eldri, Teigur 46 - 36 holu punktakeppni
- Eldri kylfingar karla 50 ára til 64 ára, Teigur 54 - 54 holu högggleikur
- Eldri kylfingar karla 50 ára til 64 ára, Teigur 54 - 54 holu punktakeppni
- Eldri kylfingar karla 65 ára og eldri, Teigur 49 - 36 holu högggleikur
- Eldri kylfingar karla 65 ára og eldri, Teigur 46 - 36 holu punktakeppni
- Unglingaflokkur 11 - 13 ára, 14 – 15 ára, 16 - 18 ára ka/kv - teigar 46/49/54 - 36 holu högggleikur
- Unglingaflokkur 11 - 13 ára, 14 – 15 ára, 16 - 18 ára ka/kv - teigar 46/49/54 - 36 holu punktakeppni
- Barnaflokkur 10 ára og yngri Stúlkur/Strákar- ljúflingur- 18 holu punktakeppni
- Klúbbmeistarar eru sigurvegarar í mfl. flokki karla og kvenna. Aðrir eru meistarar síns flokks. Komi til þess að meistaraflokkur falli niður er klúbbmeistari sigurvegari efsta flokks (lægsta forgjöf) karla og kvenna.
- Mótsstjórn er heimilt að leyfa keppendum að færa sig upp um flokk þó forgjöf leikmanns sé ekki í samræmi við grunnforgjöf skv. flokkaskiptingu.

7. grein

Sé þáttaka í einstaka flokkum ekki nægilega mikil þá hefur mótsstjórn rétt til þess að sameina flokka eða breyta forgjafarmörkum milli flokka.

Stjórn GO, 2016